

Fundur 20.11.2023 Bernadette frá Hawaii.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið og velkomin.*

Mikil er orkan og ánægjulegt að komast í samband við ykkur.

Vonum við að samband þetta verði okkur til hagsbóta og merkilegt er til þess að hugsa að menningin blómstrar svo víða.

Átti ég mjög erfitt með að trúa því að hægt væri að komast í samband við gömlu jörðina, en það mun vera rétt og öll þau sambönd sem við höfum átt að undanfögnu, hafa verið erfiðleikum háð og erum við ekki von að standa í slíkum fundum, þar sem menning okkar hafði þróast á annan veg og er það því vonlegt að við sem eru í þessu, séum mjög áfram um að vel gangi og takist að endurvekja þau sambönd og þann styrk.

Og höfum við margsinnis að undanfögnu rætt við æðri mannkyn sem hafa reynt að hjálpa okkur en truflanir hafa komið og okkur er ekki fært að hafa þau sambönd nógu löng eða taka við þeim áhrifum nógu vel og vantar upp á forna þekkingu.

Höfum við einnig náð sambandi við helstefnu jarðir og jarðir þar sem ástandið er miðlungs gott og hefur það stundum gengið betur.

Þegar ég fyrst kom á þessa jörð, var það mikil hamingja og lifði í vellystingum um langt skeið og fannst mér það sérstaklega ljúft og gott að landið þar sem ég kom fram var með sömu náttúrugæðum og ég átti að venjast á jörðinni og hugði ég ekki að trúmálum eða öðru og voru það góð ár.

En höfum við átt í erfiðleikum um nokkra áratugi og hafa því margir sótt í trúmál og aðrir í vísindi og þessa forna speki var flestum gleymd um langt skeið, þar sem musteri þau og hof sem hýstu þessar stjörnusambandsstöðvar voru orðin gróðri vaxin mörg og einungis fámennir hópar sem sinntu þessum tengslum.

Hef ég nú undanfarna mánuði og vikur reynt að spyrjast fyrir um gömlu jörðina og á okkar sambandsfundum sem þó takast vel og hef fengið þær upplýsingar að tæknimenning ykkar sé að verða nokkuð mikil, og er það kannski ekki ósvipað og á þessum hnetti, en hér hjá okkur.

Er það vandamál að samskiptin á milli vísindamannanna og að samskiptin á milli almennings og hinna auðugu yfirstétta sem mest völdin hafa, eru ekki nógu góð, né nógu mikil og höfum við ekki fengið nógu góð svör um það hvað valdi sjúkdómum og farsóttum eða því sem kalla mætti sameiginlegum krankleikum fólksins á þessari jörð.

Og er því fólkið farið að leita eigin leiða til að hjálpa sér sjálft og er þetta ein þeirra leiða. Það má lesa um það í heimildum okkar að menning okkar gekk í gegnum ýmis stig og eitt af þeim stigum var sambandið við aðra hnetti og iðnbylting, þróun tækni og ýmislegt slíkt, og stjórnmála þróun.

Og ekki er það sjálfgefið að fólkið velji alltaf bestu leiðina fyrir sig og stundum komast til valda stjórnmálamenn sem eru spilltir og stjórnmálafólk sem gefur ekki sannar upplýsingar og sérstaklega síðast liðin tíu til fimmtán ár hafa verið erfið.

Og hafa komið drepsóttir og núna nýlega hefur komið fram undarleg, það hafa komið margskonar undarlegir kvillar fram þar sem fólk verður minnslaust og ekki hægt að finna skýringar á því, og hafa sumir kennt þar um tækninni sem sé orðin of mikil, en aðrir hafa kennt um efnum í jarðvegi og fæðu, en það er ekki fullljóst.

Svo hafa komið flensupestir misskæðar og hafa þær sumar valdið nokkru mannfalli, og sumir vísindamenn okkar halda því fram að slíkar pestir komi frá víða á sama tíma og jafnvel ykkar jörð hafi fengið skerf af því, við vitum það ekki með vissu.

Hér eru einnig margir, fjölmargir hópar sem halda fast í gömlu kristnina og gyðingdóm og islam og búddatrú og öll þau gömlu trúarbrögð, enda margt af því sem fólk hélt áfram með og var mér kunnuglegt frá gömlu jörðinni.

Hef ég aldrei hugsað mikið út í stönufræðileg málefni fyrr en fór að virkjast í þessu starfi fyrir sex árum síðan og hefur það hjálpað okkur að halda ýmsu í skefjum, sem ég minntist á og að vísu eru margir innan hefðbundinna trúarbragða sem segja það sama að þeirra Guð hjálpi.

Hef ég lært í þessu starfi að ég er hér á minni fyrstu framlífs jörð og er nú líkami minn eitthvað farinn að hrörna og kynni að koma að umskiptum en finnst mér þetta mjög fróðlegt mál og hver veit nema ég komist aftur í framlíf þar sem ég get notið lífsins á sólarströndum eins og í frumlífi mínu á gömlu jörðinni og vil ég þó gjarnan hjálpa landsmönnum mínum til þess að komast út úr þessum erfiðleikum.

Og finnst mér það mjög jákvætt og fróðlegt að heyra í öðrum og miðla af minni reynslu og skil ég það að vísu að þið eruð fjarri mínu heimalandi og engin von til þess að hægt sé, lítil von til þess að hægt sé að hafa upp á þeim, en svona er víst sagan víða.

Og verð ég því bráðum að kveðja ykkur, þakka ég fyrir, þykist ég vita að ég vil segja nafn mitt.

*Já takk.*

Bjó á Hawaii í Bandaríkjunum af blönduðum uppruna Bernadette.

Þakka ég fyrir og kveð ykkur verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir og vertu velkomin aftur, sæl.*